

Ed.

291. Nefndarálit

um frumvarp til laga um aukatekjur rikissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefir háttv. Nd. haft til meðferðar og samþ. það óbreytt. Breytingar þær, er frumvarpið gerir á lögum um aukatekjur landssjóðs frá 11. júlí 1911, ganga allar í þá átt að hækka tekjurnar.

Nemur hækkunin yfirleitt helmingi, þótt nokkrar undantekningar sjeu frá því, þannig að sumar aukatekjur eru hækkaðar meira og aðrar minna.

Þær aukatekjur, sem hækkað hafa af völdum dýrtíðarinnar, svo sem sum gjöld fyrir þinglestur og uppboðsgerðir, eru látin standa óbreytt.

Það er einróma álit nefndarinnar, að full sanngirni mæli með því að hækka þessar tekjur rikissjóðs, eins og frumvarpið fer fram á, og að taka beri tillit til þess, að ríkið þarf nú að greiða starfsmönnum sínum, er verk þessi framkvæma, miklu hærri laun en áður, og að rikissjóður hefir af þessum og fleiri ástæðum mjög brýna þörf fyrir auknar tekjur.

Nefndin mælir því eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1921.

Sig. Eggerz,
formaður.

Guðjón Guðlaugsson.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Sigurjón Friðjónsson.

Björn Kristjánsson.